

AUGLÝSING

um gildistöku ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á EES-samningnum sem teknar voru með stjórnskipulegum fyrirvara samkvæmt 103. gr. samningsins á árinu 1998.

Eftirtaldar ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sem teknar voru með stjórnskipulegum fyrirvara samkvæmt 103. gr. samningsins á árinu 1998, hafa öðlast gildi á árinu 2000, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 36/1999.

Ákvarðanirnar og þær EB-gerðir sem vísað er til í þeim hafa birst í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, en sú birting er jafngild birtingu í Stjórnartíðindum, sbr. 4. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 91/1994.

Gerð er grein fyrir efni ákvarðananna og gildistöku í fylgiskjali með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 31. desember 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

Nr.	Dags.	Efni	Birting í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB	Fyrirhuguð gildistaka samkvæmt ákvörðun	Gildistaka
1/1998	30.01.1998	Breyting á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn. (Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/5/EB frá 27. janúar 1997 um færslu fjármuna milli landa.)	42. hefti, 1998, bls. 1	01.02.1998	01.02.2000
12/1998	06.03.1998	Breyting á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn. (Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/9/EB frá 3. mars 1997 um bótakerfi fyrir fjárfesta.)	42. hefti, 1998, bls. 72	07.03.1998	01.02.2000
15/1998	06.03.1998	Breyting á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn. (Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga.)	42. hefti, 1998, bls. 99	07.03.1998	01.07.2000